

færum karlmönnum á lögboðnum aldri, að leggja til vinnu eða peninga til vegabóta og viðhalds á aukavegunum.

1872.

29. febrúar.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

21. marz.

Í tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., sem vèr með þessu bréfi sendum nokkur exempl. af, er svo fyrir mælt, að af allskonar víni og brennivíni eða þessháttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skuli greiða aðflutningsgjald, 8 sk. af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á árum, tunnum eða öðrum stórum ílátum, en sè þeir tappaðir á flöskur, krúkkur, brúsa eða þesskonar ílát, skuli greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum. Þarè engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í umræðunum um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að tollskráin, sem hvert skip, er afgreidd er til Íslands á tollstað í ríkinu, á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi meðal, að því leyti er snerti skip, sem kæmi frá innanríkis höfn, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rétt galdið, ef að eins tollskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (samanbr. ástæðurnar¹ fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar, í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*] fyrir 1871, bls. 67). Dómsmálastjórnin mælist því til, að fjárstjórnin gjöri svo vel að láta í tð aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum tollstöðum í Danmörku fyrir, að tollskráin fyrir sèrhvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hlaðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar eru að framan, verði hèr eptir samin með svo mikilli ná-

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, II, 90—100.

1872.

21. marz.

kvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt á henni gjaldið.

21. marz.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Í tilskipun handa Íslandi — — — — 8 sk. af hverjum 3 pelum. (Upphafð er samhljóða fyrstu málsgrein í næsta bréfi á undan). Þaræð engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í þeim umræðum, sem fram fóru um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að vöruskrá sú, sem hvert það skip, sem á að fara frá höfn í útlöndum til Íslands, skal hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., og sem hinn hlutaðeigandi danski verzlunarfulltrúi staðfestir, mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rétt galdið, ef að eins vöruskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (sbr. ástæðurnar fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*, 1871, bls. 67]). Dómsmálastjórnin mælist því til, að utanríkisstjórnin gjöri svo vel að láta í të aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum dönskum verzlunarfulltrúum fyrir, að hafa gætur á, að vöruskráin fyrir hvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hláðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar voru að framan, verði hér eptir samin með svo mikilli nákvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt gjaldið á henni.

26. marz.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Sjóliðsstjórnin hefir í bréfi 18. p. m. skýrt frá, að skonnortuskiðið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn